



## 457. Stjórnarfundur haldinn 4. nóvember 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).  
Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Tvö rafræn fréttabréf frá UMFÍ. *Móttekið og ákveðið að setja á heimasíðuna.*

Afrit af bréfum skotdeildar Keflavíkur og sundráðs ÍRB til íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar v/aðstöðu í Sundmiðstöðinni. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/styrks til náms í Lýðháskóla í Danmörku. *Móttekið og Ákveðið að setja á heimasíðuna.*

Bréf frá UMFÍ v/tilnefningar í nefndir á vegum UMFÍ. *Móttekið og Ákveðið að setja á heimasíðuna.*

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Námskeið.

Námskeiðið „*Verndum þau*“ var haldið 20. október. Þorbjörg Sveinsdóttir Barnahúsi MSc sálfræði var fyrirlesarinn. Gott námskeið og fræðandi. Sautján manns mættu.

Námskeið í Nora skráningar- og greiðslukerfi var 3. október. Sex manns mættu. EH lýsti yfir vonbrigðum sínum með þátttökuna. Nokkrar umræður um málið.

### 5. Jólblaðið.

EH sagði frá því að jólblaðið væri komið af stað. Byrjað væri að safna auglýsingum og Halldór Leví Björnsson sér um að taka opnuviðtalið. Skil á greinum er 13. nóvember. Stapaprent sér um umbrotið og stefnt er á að blaðið verði borðið út í byrjun desember.

### 6. Önnur mál.

Samkvæmt æskulýðslögum nr. 70/2007 3. – 4. mgr. 10.gr. „*Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2.gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsíðom vegnar brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940*“. EH lagði fram eyðublað varðandi að afla heimilda til öflunar á upplýsingum úr Sakaskrá ríkisins v/ þjálfara í starfi hjá félaginu. UMFÍ sér um að afla þessara upplýsinga fyrir félagið og er án kostnaðar fyrir félagið og einstaklinginn. *Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.*

EH afhenti stjórnarmönnum stuðningsmannakort körfunnar.

EH sagði frá gangi mála varðandi uppsetningar á myndavél í A-sal. Komin er nýr möguleiki á að geta sent leiki út á netið. Nýtt tilboð vegna kostnaðar er væntanlegt. *Framkvæmdastjóra falið að halda áfram með málið.*

EH sagði frá því að Aðgerðaáætlun Æskulýðsvettvangsins væri komin inn á heimsíðu ásamt örðum gögnum.

Fimleikadeildin hefur sent inn fjáröflun og hefur hún verið sett á dagatalið á heimsíðu félagsins. Rætt um að halda formanna og gjaldkera fund í desember. Skoðað á næsta fundi.

Umræður um að þegar tölvupóstur er sendur út á stjórnir félagsins v/ námskeiða eða annað þess háttar sem snertir þjálfara okkar hvort ekki eigi að senda hann líka á alla þjálfara.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Næsti stjórnarfundur 19. nóvember kl.18:00

Fundinn ritaði BS.

